

REGLUGERÐ

um bann við línuveiðum í sunnanverðum Faxaflóa.

1. gr.

Frá og með 16. febrúar 1989 til og með 15. mars 1989 eru allar línuveiðar bannaðar sunnan línu sem dregin er úr Garðskaga (64°05'N, 22°42'V) í Álftanes (64°06'N, 22°02'N).

2. gr.

Brot á ákvæðum reglugerðar þessarar varða viðurlögum samkvæmt ákvæðum laga nr. 81 31. maí 1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands. Með mál út af brotum skal farið að hætti opinberra mála.

3. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt ákvæðum laga nr. 81 31. maí 1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands, til að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim sem hlut eða að máli.

Sjávarútvegsráðuneytið, 14. febrúar 1989.

F.h.r.

Jón B. Jónasson.

Pórður Eyþórsson.

REGLUR

fyrir samvinnunefnd um skipulagsmál Þingvalla-, Grafnings- og Grímsneshrepps.

1. gr.

Samvinnunefnd um skipulagsmál Þingvalla-, Grafnings- og Grímsneshrepps, hér eftir kölluð samvinnunefnd, er svo skipuð að í henni eiga sæti 9 fulltrúar.

Skipulagsstjórn ríkisins skipar formann nefndarinnar en sveitarstjórnir Þingvallahrepps, Grafningshrepps og Grímsneshrepps skipa hver um sig tvo fulltrúa úr hópi sveitarstjórnarmanna. Þingvallanefnd skipar tvo fulltrúa til þess að gæta hagsmuna þjóðgarðsins. Varamenn aðila skulu skipaðir á sama hátt.

Heimild til fundarsetu með málfrelsi og tillögurétt hafa skipulagsstjóri og fulltrúi hans og aðrir sem nefndin óskar hverju sinni.

2. gr.

Hlutverk nefndarinnar er að vinna að skipulagi þess svæðis, sem tekur yfir umrædd sveitarfélög og þjóðgarðinn eftir því sem þurfa þykir og ganga frá tillögu að svæðisskipulagi fyrir þennan landshluta sbr. rgl. nr. 318/1985.

Nú verður ágreiningur um hversu víðtækt hlutverk nefndarinnar sé við gerð svæðisskipulagsins og sker þá félagsmálaráðherra úr að fenginni umsókn skipulagsstjórnar og hlutadeigandi sveitarstjórnar. Leita skal úrskurðar forsætisráðherra ef ágreiningur varðar þjóðgarðinn.